

Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands 6. október 2006 kl. 15

1. Helgi Hermannsson formaður setti fund, bauð fundamenn velkomna og stakk upp á Hannesi Stefánssyni sem fundarstjóra. Samþykkt.
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar. Stjórnin hélt a.m.k. 6 formlega stjórnarfundi auk tveggja almennra funda og allmargra óformlegra funda. Farið var í Grundarfjörð á UT-ráðstefnu. Félagið tók þátt í að andæfa skerðingartillögum ríkisstjórnarinnar, á grundvelli viðhorfakönnunar sem sett var upp á heimasíðu félagsins. Engar athugasemdir við skýrslu formannsins.
3. Anna Þóra gerði grein fyrir ársreikningum. Í sjóði eru rúmar 206 þúsundir en þar af eru 128.613kr. eyrnamerkta samstarfsnefndinni fyrir vinnu ársins 2006. Í sjóði félagsins eru því í raun rúmar 77 þúsundir. Nokkuð rætt um lítil laun samstarfsnefndarfólks fyrir sína vinnu. Reikningar samþykktir án frekari athugasemda.
4. Kosningar til stjórnar og annarra embætta.
 - a) Anna Þóra gengur úr stjórn. Í hennar stað kemur Aðalheiður Jónasdóttir.
 - b) Þórey Hilmarsdóttir varamaður í srjórn í stað Örlygs Karlssonar
 - c) Fagráð óbreytt.
 - d) Trúnaðarmenn til næstu tveggja ára: Hörður Ásgeirsson og Þórey Hilmarsdóttir, og varamaður Ólafur Bjarnason
 - e) Samstarfsnefnd: Hörður Ásgeirsson, Vera Valgarðsdóttir, Þórey Hilmarsdóttir, Sigurður Grímsson og Gísli Skúlason.
 - f) Skoðunarmenn reikninga: Ægir Sigurðsson og Álfhildur Eiríksdóttir.
 - g) Fulltrúi KFSu ú fulltrúafundi FF: Formaður félagsins
5. Starfsáætlun næsta árs. Helgi Hermannsson ræddi um nauðsyn þess að halda áfram baráttu gegn skerðingunni. Einnig verði reynt að auka samstarf við Suðurnesjamenn, jafnvel í bland við Skagamenn og Laugvetninga.
6. Önnur mál.
 - a) Hörður gerði grein fyrir stofnanasamningi FSu sem gerður var í júní 2006.
 - b) Rætt um að þrýsta á um frekari greiðslur til samstarfsnefnda, þannig að félögin hafi auraráð til sinnar starfsemi eftir sem áður.

Fleira ekki.

Hannes sleit fundi kl. 15:59.